



## 1. Hlutgengi

Hlutgengur til þátttöku í mótum og gráðunum á vegum JSÍ er hver sá aðili sem félagsbundinn er í félagi innan JSÍ og uppfyllir að öðru leyti hlutgengisreglur ÍSÍ á hverjum tíma.

## 2. Almennt um félagsskipti

2.1 Öll félagsskipti skal tilkynna JSÍ skriflega á þar til gert eyðublað með minnst 30 daga fyrirvara áður en ætlast er til að félagsskiptin gangi í garð.

2.2. Óheimilt er íþróttamönnum 15 ára og eldri að keppa fyrir fleiri en eitt félag í judo á sama keppnistímabili. Keppnistímabilið hefst 1. september og lýkur 31. ágúst.

## 3. Framkvæmd félagaskipta

3.1 Öll félagaskipti skulu fara fram á þar til gerðu eyðublaði útgefnu af JSÍ. Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi félagsmanni, félagi sem gengið er úr og félagi sem gengið er í. Undirritun fulltrúa félagsdeildar sem gengið er úr staðfestir að viðkomandi félagsmaður hafi engar skuldbindingar við sitt fyrra félag. Hafi félagsmaður einhverjar skuldbindingar við sitt fyrra félag er því félagi heimilt að hafna félagsskiptunum. Tækniráði er ekki heimilt að staðfesta félagsskipti fyrr en undirskriftir umsækjenda og staðfesting félaga sem hlut eiga að máli liggur fyrir. Þegar Tækniráð hefur staðfest félagaskiptin öðlast viðkomandi aðili keppnisheimild með sínu nýja félagi frá og með staðfestingu JSÍ á félagaskiptunum. Undirritun tækniráðs staðfestir félagaskiptin.

## 4. Úrskurðar- og umsagnaraðili

4.1 Tækniráð JSÍ fer með öll mál er varða félagaskipti. Stjórn JSÍ er úrskurðaaðili í deilum sem upp koma varðandi félagaskipti. Úrskurði geta aðilar áfrýjað til dómstóls ÍSÍ. Að öðru leyti en að framan greinir vísast til almennra reglna ÍSÍ um móta- og keppendareglur sem í gildi eru á hverjum tíma.